

Ályktun formannafundar SGS 26. janúar 2026

Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands skorar á ríki og sveitarfélög að axla ábyrgð á gjaldahækkunum langt umfram verðbólguviðmið, þvert á loforð við undirritun kjarasamninga fyrir tæpum tveimur árum.

Formannafundur SGS minnir á að meginmarkmið kjarasamninga sem undirritaðir voru 2024 var lækkun verðbólgu með samstilltu átaki verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda, ríkis og sveitarfélaga. Aðilar vinnumarkaðarins gengu frá fjögurra ára kjarasamningi með hófstílltum launahækkunum. Ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, verslun og þjónusta gáfu loforð um að ætla að leggja sitt af mörkum og halda aftur af gjaldskrár- og verðhækkunum.

Í upphafi árs 2026 er útlit fyrir að íslenskt launafólk hafi verið svikið. Almennar launahækkanir samkvæmt kjarasamningum eru 3,5% á meðan gjöld á grunnþjónustu hækka um tugi prósentu. Þetta er ekki stöðugleiki, þetta er ekki ábyrg hagstjórn, heldur gjaldagleði sem kyndir undir verðbólgu og bitnar harkalega á launafólki og heimilum landsins.

Í desember sl. jókst verðbólga úr 3,7% í 4,5% og greiningaraðilar hafa spáð verðbólgu í kringum 5% næstu mánuðina. Rétt er að minna á að í gildandi kjarasamningum er skýrt ákvæði um að 12 mánaða verðbólga mælist ekki yfir 4,7% í ágúst 2026. Að öðrum kosti opnast heimild til að segja samningum upp næsta haust.

Því miður er margt sem bendir til þess að verðbólgan geti farið yfir þetta mark og forsendur kjarasamninga brestir. Ef það gerist hvílir ábyrgðin ekki hjá launafólki sem forgangsraðaði stöðugleika fram yfir beinar launahækkanir í langtímasamningi. Ábyrgðin hvílir hjá þeim sem hafa svikið loforð sín um að halda aftur af gjaldskrár- og verðhækkunum og hafa þess í stað kosið að velta byrðinni yfir á almenning.